

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Breyting á deiliskipulagi Edenreits vegna Þelamerkur 52-54 og 56.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum 7. júní 2023 óverulega deiliskipulagsbreytingu á Edenreit vegna Þelamerkur 52-54 og 56. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila tilfærslu og stækkun á byggingarreitum sambyggðra bílskúra lóðanna. Deiliskipulagsbreytingin víkur hvorki frá notkun né nýtingarhlutfalli og aðeins óverulega frá formi og útliti viðkomandi svæðis. Ekki er um aðrar breytingar á gildandi deiliskipulagi að ræða og telst deiliskipulagsbreytingin þar með óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Hveragerðisbæjar og lóðarhafa. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Vorsabæ vegna Vorsabæjar 8 og 10.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum 11. janúar 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Vorsabæ vegna lóðanna Vorsabæjar 8 og 10. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er tilfærsla lóðamarka og byggingarreita til þess að stækka lóð að Vorsabæ 10 um 12,2 m til suðurs fyrir betri nýtingu lóðarinnar. Lóð Vorsabæjar 8 minnkar um 12,2 m samsvarendi til norðurs. Ítarlegri skilmálar eru settir um raflýsingu. Engin breyting er á notkun, nýtingarhlutfalli, útliti eða formi svæðisins og telst deiliskipulagsbreytingin þar með óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Hveragerðisbæjar og lóðarhafa. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 16. janúar 2024.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. janúar 2024